

Skýringar

Við skattskylda sölu bifreiðar er skattaðila heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu fjárhæð að hámarki 6.000.000 kr. vegna rafmagns- eða vetnisbifreiðar og að hámarki 4.000.000 kr. vegna tengiltvinnbifreiðar. Undanþágan á við um fyrstu sölu notaðrar rafmagns-, vetnis eða tengiltvinnbifreiðar enda sé ökutækið þriggja ára eða yngra á innflutningsdegi og sölu-degi miðað við fyrstu skráningu. Skilyrði undanþágunnar er að ökutækið sé skilgreint í ökutækjaflokka L6e, L7e, M1, M1g, M2 og/eða M3, undirflokka I, II og/eða III, og N1 samkvæmt reglugerð nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja. Nýti skattaðili sér þessa heimild ber honum samhliða skilum á virðisaukaskattsskýrslu að tilkynna ríkisskattstjóra á hverju uppgjörstímabili um að slík sala hafi átt sér stað.

Upplýsingar um seljanda

Hér skal tilgreina nafn, kennitölu og virðisauka-skattsnúmer seljanda ásamt því uppgjörstímabili virðisaukaskatts sem við á.

Upplýsingar um seldar bifreiðar

Tilgreina skal tegund bifreiðar en þar er átt við hvort um sé að ræða rafmagns-, vetnis eða tengiltvinnbifreið. Einnig skal tilgreina fastanúmer bifreiðar, söludag, söluverð án virðisaukaskatts, þá fjárhæð sem undanþegin er virðisaukaskatti ásamt heildar söluverði.

Fjárhæð úr reit B færirst sem undanþegin velta á virðisaukaskattsskýrslu fyrir viðkomandi uppgjörstímabil.

Nemi söluverð ökutækis hærra verði en nemur framangreindum fjárhæðarmörkum skal reikna virðisaukaskatt á mismuninn. Mismunur á milli reita A og B telst því til skattskyldrar veltu á virðisauka-skattsskýrslu fyrir viðkomandi uppgjörstímabil.